

### Fundargerð 157. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. október 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Agnar Ólason.

Fjarfundur: Sigurður Jóhann Erlingsson, Pétur Freyr Jónsson og Svanur Gunnsteinsson

Fjarverandi: Andrés Bjarnason

#### Dagskrá :

1. **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 156.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.
2. **Skýrsla formanns.**
3. **Kjaramál.**

Formaður óskaði eftir að fá að taka lið 2 og 3 saman.

Ekkert hefur verið fundað í sjómannadeilunni, rætt hefur verið við sáttasemjara en hann hefur ekki séð ástæðu til að boða til fundar þar sem menn séu ekki með neytt nýtt. Hann segist hafa á tilfinningunni að það sé verið að bíða eftir að ný ríkisstjórn verði mynduð og hver verði Sjávarútvegsráðherra. Við höfum talað um að vera með skærur og þá t.d. allar helgar í desember. Skipstjórar eru ekki til í þetta og Sjómannasamband Íslands er með þing fljótlega þar sem m.a. verður tekin afstaða til þess hvort þeir séu tilbúnir til að fara í aðgerðir. Einar spurði hvort það væri verið að setja þá einstaka hópa í verkfall eða alla. Formaður sagði alla, en ef samstaða næst ekki þá er þetta eiginlega fallið um sjálf sig. Bent var á að mjög ólíklegt sé að samstaða sé um að fara í allsherja verkfall. Frekar að boða skærur allt næsta ár. Formaður sagðist verða í sambandi þegar niðurstaða kemur af þigninu. Verið er að vinna í bókunum hjá Hafró og Gæslunni, en gengur hægt. Samninganefnd ríkisins er komin í málið. Síðast þegar við vorum að funda þá var ekki búið að kjósa og það er víðar en á aðalfundi VM sem kvartað er undan kosningum. Formaður sagði frá því síðast að fagfélögin (2F) væru að tala við þingflokkan og áttum við þá eftir Viðreisn og Samfylkinguna. Meðal annars var rætt um skýrslu sem útgerðarmenn létu Delottie gera en þar sést að hagnaðurinn var svipaður á covid ári og öðru ári þó svo að þeir hafa kvartað mikið. Svo var fyndur í stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs og þar var ákveðið að reyna að keyra meira á kynningu á forvarnarstyrkjunum. Fyrir áramót verður svo farið í að ræða á milli félaganna um styrki, reyna að vera með þá svipaða hjá öllum. Stjórnmalaflokkarnir voru nú flestir sammála um að það ætti ekki að greiða skatt af forvörnum en svo er bara hvort eitthvað gerist. Eitt af því sem að formaður einsetti sér að gera þegar hann var kjörinn var að vera meira í sambandi við fólkið á gólfinu. Það gekk nú ekki í covid en núna erum við byrjaðir og búnir að heimækja nokkra vinnustaði sem vinna eftir almenna samningnum því vinnan við hann hefst strax eftir áramót. Almennt

er þokkaleg sátt hjá mönnum nema þar sem menn eru að vinna yfirvinnu 1 og 2, ekki ánægja með það. Menn tala um að vilja verðtryggja laun þ.e. þegar matur hækkar þá hækki launin. Við höfum verið að benda þeim á að þessi hagvaxtarauki per mann sem á að fara að reikna út núna 1. mars að hann mun telja núna og við eigum von á því að SA muni mótmæla þessu og vilja fá í burt vegna óvenjulegra aðsæðna. Það hefur verið hagvaxtarauki en það hefur líka fækkað fólki á vinnumarkaði, um nokkur þúsund, menn m.a. farnir til síns heima og þá hækkar talan og við getum ekki séð annað en þetta hafi í för með sér 10-12 þús. kr. hækkun 1. maí en vissir um að þessi 7 -8 þúsund kr. hækkun muni detta inn.

Svo hafa verið þessir hefðbundnu fundir, ASÍ, IÐAN og fleira. Aðalfundur IÐUNNAR er í dag kl. 15. Þar er aðalstjórn og sviðstjórn og öll félögin hafa verið með sama manninn í báðum nema við og hefur það hefur skapa viss vandamál. Þannig að við ætlum að breyta og vera með saman mann í báðu. Næsta fimmtudag og föstudag er svo stefnumótunarfundur IÐUNNAR á Selfossi. Vélar og skip höfðu samband við okkur og það er að koma hingað á þeirra vegum einhver sérfræðingur frá Wertsilla til að tala um framtíðar eldsneyti og vildu fá okkur í lið með sé til að smala á fundinn. Þetta verður um miðjan næsta mánuð, dagsetningin ekki alveg komin, verður líklega á Grand Hotel byrja kl 10 eða 11 og bjóða svo upp á hádegisverð. Við mundum senda tölvupóst á okkar menn. Fundurinn verður líka í fjarfundi og tekinn upp. Líklega verða einhverjir fúlir og finnst við vera að hygla Vélum og skipum, en ef einhverjir aðrir vilja vera með kynningu þá eru við til. Þeir sjá um salinn við um veitingarnar. Aðalfundur verður hjá Fiskifélaginu 16. nóvember nk. þar koma allir saman sem koma nálægt fiski. VM á tvo fulltrúa á fundinum

Dagana 1. – 2. nóvember er fundur NMF og er hann hér á Íslandi að þessu sinni. Formenn norrænu vélstjórásambandanna mæta og einhverjir starfsmenn með þeim. Ekki hefur verið fundað síðan árið 2019 fyrir utan einn fjarfundur. Fundað verður á Grand Hótel og svo förum við með þá með þá upp á Hellisheiði og síðan í skoðunarferð um Bláa Lónið og þar verður síðan borðaður kvöldverður.

Haustfundur sjómannadagsráðs er 2. nóvember og þar verður líklega kynnt yfirtaka á nýju hjúkrunarheimili. Framundan er líka fundur IndustriAll í Brussel, 29. nóv – 1. des.

Uppstillinganefnd félagsins hefur hafið störf og henni ber að ljúka störfum eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund þannig að þeir þurfa að fá einhverja dagsetningu. Formaður kom með tillögu um að halda aðalfund 25. mars 2022 og var það samþykkt. Einar spyr hvort stefnt sé að því að halda aðalfundinn hér niðri. Formaður taldi það ekki mjög líklegt en ef allt verður klárt þá verður það hér. Einar sagði að það myndi lægja margar óánægjuraddir að sýna hagræðinguna í því að vera með sal hérna niðri.

Við erum byrjuð með kaffi fyrir eldri félagi og svo héldum við trúnaðarmannafund ÍSAL hér niðri um daginn. Byrjað er að skipuleggja trúnaðarmannanámskeið sem haldin verða reglulega, öll félögin saman.

#### **4. 6 mánaða staðan**

Sex mánaða staða félagssjóðs lögð fyrir til upplýsinga.

#### **5. Samvinna á Stórhöfða.**

Formaður kynnti skipurit 2F. Þetta er gróf hugmynd stjórn 2F verður skipuð formönnum félaganna, síðan verður ráðinn framkvæmdarstjóri sem sér þá meðal annars um þá starfsmenn sem fara undir 2F. Markmiðið með þessu er betri þjónusta og vonandi hagræðing í rekstri. Formaður sagði að búið hefði verið að samþykkja að fara í samstarf með móttöku og

símsvörun en nú óskaði hann eftir því að fá heimild til að vera með í ráðningu framkvæmdarstjóra 2F, hann óskaði einnig eftir heimild til að þróa þetta samstarf áfram. Bæði samþykkt.

#### 6. Lagt fram til upplýsinga.

- **ASÍ Kynjabókhald 2021.** Miklar og heitar umræður um þetta hjá ASÍ. Þegar kom að mönnun í stjórnnum hallar vissulega á konur. Formaður sagðist hafa bent á að við hefðum reynt mikið að fá konur í stjórn hjá okkur en ekki gengið, hins vegar eru sterkar líkur á að ein kona verði í framboði í næsta stjórnarkjöri sem er ánægjulegt.
- **Yfirlit frá bönkum.** Ágætis ávöxtun fyrstu 9 mánuði ársins og helst vonandi út árið.

#### 7. Önnur mál.

Formaður sagði að fjölskylda látins félagsmanns, hefði haft samband við stjórnarmann í sjúkrasjóði. Hann á að hafa smíðað vita og gefið félaginu á sínum tíma sem aðstandendum langar svo til að eignast. Þau hafa mynd af þessum vita og óskar formaður eftir að fá að afhenda þeim þennan grip. Samþykkt af öllum.

Fundi slitið 14:10